



SKIPULAGS- OG MATSLÝSING

Hvítisandur í landi Þórustaða - baðstaður.

Breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2009-2020 og nýtt deiliskipulag.

24.08.2023



ÍSAFJARÐARBÆR



EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
1.1	Aðdragandi	3
1.2	Markmið	5
2	STAÐHÆTTIR	6
2.1	Holtsfjara og nágrenni	6
3	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	8
3.1	Aðalskipulag	8
3.2	Deiliskipulag	9
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	9
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	10

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

8880-001-LYS-001-V02

HÖFUNDUR

Hrafnhildur Brynjólfsdóttir

RÝNT

Silja Traustadóttir

1 INNGANGUR

1.1 Aðdragandi

Unnið er að undirbúningi baðstaðar í Holtsfjöru í landi Þórustaða. Í dag er Holtsfjara vinsæl til útivistar en þar eru hvítir sandar í stórbrotnu umhverfi. Áætlað er að nýta núverandi aðkomuveg að Holtsbryggju sem aðkomu að baðstaðnum og nýta gömlu malbikuðu flugbrautina fyrir aðkomu og bílastæði. Núverandi vegaslóði frá flugbrautarenda niður í gamla sandnámu í Holtsfjöru verði nýttur sem aðkoma gesta frá bílastæðinu að böðunum. Sjálf böðin eru áformuð í gamalli sandnámu sem þarna er í fjörunni. Undirbúningur hefur miðað við að mannvirki vegna baðanna verði að mestu leyti bundin við svæði sem nú þegar hefur verið raskað vegna flugvallarins og námunnar. Þá er áfram miðað við að almenningur hafi aðgang að fjörunni og þar verði opin sturtuaðstaða fyrir öll sem vilja baða sig í sjónum, hér eftir sem áður, án þess að fara í böðin. Fyrir baðstaðinn þarf að vinna deiliskipulag og breyta þarf aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar með því að breyta landnotkun úr landbúnaðarsvæði/óbyggt svæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.



MYND 1. Gróf afmörkun á svæði þar sem unnið verður nýtt deiliskipulag og breyting á aðalskipulagi vegna baðstaðar í Holtsfjöru í landi Þórustaða.

Gert er ráð fyrir sjóböðum og þjónustubyggingu með búningaklefum, gufuböðum og veitingastað í um 200 metra fjarlægð vestan við Holtsbryggju. Sjóböðin verða í fjöruborðinu og mynda sterka tengingu við hafið og ströndina. Frumhönnun gerir ráð fyrir að þjónustubyggingin verði felld að landinu á móti suðri og hægt verði að ganga upp á þakið og njóta útsýnis. Þegar komið er inn í þjónustubygginguna, og áfram út á laugarsvæðið verði hægt að ganga þaðan út á nýja bryggju til að fara í sjósund. Til skoðunar er að staðsetja þar heitan pott í heillandi fögru umhverfi með útsýni til allra átta.

Miðað er við að aðkoma að böðunum, frá bílastæði(flugbraut) að baðhúsum(sandnáma) verður felld að varpsvæðum á staðnum og áningarstaður/fuglahús verður sett upp á þeirri leið fyrir gesti til að skoða og fylgjast með fuglum, án þess að trufla varp eða fuglalíf almennt. Með því að nýta flugbrautarendann fyrir bílastæði er rask eða framkvæmdir vegna þeirra lágmarkað.

Fyrir liggja hönnunardrög sem sýna þær hugmyndir sem unnið er með og mynda grunn til frekari útfærslu (sjá mynd 2). Miðað er við að aðgangur almennings að fjörunni verði ekki skertur. Til að hita upp sturtur, laug og potta er áformað að nýta varmaorku úr sjónum. Að nýta sjávarhita sem orkugjafa á köldu svæði er frumkvöðlaverkefni sem er áhugaverð nýsköpun á köldu svæði. Fyrirhugað er að markaðssetja verkefnið undir heitinu Hvítisandur sem er gamalt örnefni fyrir svæðið og má m.a. finna í örnefnasjá Landmælinga Íslands (ornefnasja.lmi.is) .



MYND 2 Frumdrög hönnunar til vinstri á myndinni – til frekari útfærslu. Holtsbryggja til hægri.

Með þessari skipulagslýsingu er því boðað að unnið verði nýtt deiliskipulag fyrir baðstað í landi Þórustaða og samhliða verði unnin breyting á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Ekki liggur fyrir á þessari stundu hvort aðalskipulagsbreytingin verður sett fram sem sérstök breyting eða sem hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar sem unnið hefur verið að síðan 2019.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum skipulagsvinnunnar. Skipulagslýsingin er unnin af EFLU fyrir félag sem vinnur að undirbúningi baðstaðarins, í samráði við Ísafjarðarbæ.

1.2 Markmið

Helstu markmið með breytingu á aðalskipulagi, og gerð deiliskipulags fyrir baðstað í Holtsfjöru eru eftirfarandi:

- Efla Holtsfjöru sem áfangastað fyrir gesti og heimafólk til að njóta einstakrar náttúru, útiveru bað- og strandferða.
- Byggja upp áfangastað í ferðapjónustu með hliðsjón af staðaranda svæðisins með mannvirkjum sem eru látlaus, í sátt við umhverfi sitt og staðsetningu.
- Efla líf á áfangastað sem nú þegar er vinsæll áningarstaður heimamanna fyrir sjósund og strandarferðir.
- Upplifun gesta og umgengni um svæðið verði til fyrirmyndar og umferð almennings um fjöru verði óskert.
- Að þróa ferðapjónustu sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun heimamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins, í samræmi við markmið um ferðapjónustu í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.
- Treysta atvinnulíf og búsetu í Önundarfirði.

2 STAÐHÆTTIR

2.1 Holtsfjara og nágrenni

Holtsfjara í Önundarfirði er ein af stærri hvítasandsfjörum á Íslandi. Hún teygir sig frá innanverðum Önundarfirði út á Holtsodda sem er mikið sandnes innst í firðinum. Í Holtsfjöru er Holtsbryggja og þar hefur lengi verið vinsælt að stunda sjóböð og byggja sandkastala. Holtsbryggja og nágrenni hennar er mjög vinsælt myndefni hjá ferðalöngum. Við bryggjuna er bárujárnsklæddur skúr og malarplan sem er nýtt sem bílastæði. Bryggjan gegnir öryggishlutverki fyrir samgöngur til Flateyrar og er notuð þegar vegurinn þangað er lokaður vegna snjóflóða eða snjóflóðahættu.



MYND 3. Myndir frá Holtsbryggju og nágrenni af vefnum westfjords.is

Ofan við hvíta fjöruna tekur við melgresisflákar, og þar fyrir ofan lítt grónar sandöldur. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu¹ Náttúrufræðistofnunar eru vísbendingar um að þar sé Grashólavist sem finnst á strandsvæðum þar sem sandhólar hafa gróið upp og myndað vel grónar öldur og hóla upp af strönd. Verndargildi þeirrar vistgerðar er hátt og vistgerðin er á lista Bernarsamningins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Eftir því sem komið er hærra upp í land, eykst jarðvegurinn, og næst þjóðveginum eru ræktuð tún í landi Þórustaða.

Holtsfjara er mikið varpland fugla. Einn fjölmennasti varpfuglinn á svæðinu er hettumávvur og er hann með stórt varpsvæði á milli Holtsbryggju og fyrirhugaðrar staðsetningar fyrir baðstað. Áformað er að gera úttekt og talningu á varpfuglum sem hluta af undirbúningi framkvæmda vegna baðstaðarins til að fá greinargóðar upplýsingar um fuglalíf sem nýttar verða við mótun staðarins. Á Þórustöðum er æðarvarp en landeigendur meta það svo að framkvæmdin og starfsemi séu ekki líkleg til að raska því á neinn hátt.

Ofan við fjöruna sést móta fyrir flugvelli en eftir tilkomu Vestfjarðarganga, sem tengir Önundarfjörð við Skutulsfjörð og þar með flugvöllinn á Ísafirði, lagðist áætlunarflug í Önundarfjörð af. Ekið er að flugvöllinum um Valþjófsdalsveg nr. 625. Við flugvöllinn er hús sem var nýtt sem flugvallarafgreiðsla og á flugbrautarendunum mótar vel fyrir gömlu malbiki. .

¹ Sjá vistgerðarvefsjá Náttúrufræðistofnunar <https://vistgerdakort.ni.is/>

Þrátt fyrir mikið fuglalíf þá er er skipulagssvæðið ekki alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði², þar eru ekki náttúrufrýrbæri sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd³, og þar eru ekki vistgerðir sem eru sérstæðar. Svæðið er ekki friðað og er ekki eitt af þeim svæðum sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt fram tillögu um að fari á B-hluta náttúruminjaskrár 2018 út frá forgangsvistgerðum, fuglategundum, selategundum, jarðminjum og fossum.

Holtsengi og vöð eru á lista yfir aðrar náttúruminjar í náttúruminjaskrá⁴, svokölluðum C hluta sem bíður endurskoðunar sbr. 2. tl. í bráðabirgðaákvæðum laga um náttúruvernd nr. 60/2013, en stefnt hefur verið að því árum saman að þeirri endurskoðun ljúki. Skráning svæðisins á náttúruminjaskrá er annars vegar grundvölluð á 1) fjörum og grunnsævi í innsta hluta Öfundarfjarðar, innan Holtsodda, ásamt mýrlendi milli Þórustaða og óss Bjarndalsár, og hins vegar 2) vegna fjölbreytts lífríkis. Náttúruminjarnar sem þarna er vísað til eru í nokkurri fjarlægð við áætlað framkvæmdsvæði vegna baðstaðarins, annars vegar handan Holtsbryggju, innan Holtsodda og hins vegar mýrlendi ofan vegar milli Þórustaða og óss Bjarnardalsár.

2.1.1 Minjar

Haft verður samráð við minjavörð um upplýsingar um minjar á áætluðu deiliskipulagssvæði. Skráning á fornleifum, húsum og mannvirkjum á deiliskipulagssvæðinu mun liggja fyrir áður en deiliskipulag og framkvæmdaleyfi er afgreitt.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar er 15 m skv. 22. gr. laganna.

² Sjá vistgerðarvefsjá Náttúrufræðistofnunar <https://vistgerdakort.ni.is/>


³ Sjá vefsíða Náttúrufræðistofnunar <https://serstokvernd.ni.is/>

⁴ Sjá náttúruminjaskrá <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/vefstildir/>

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Aðalskipulag

Fjaran og svæðið upp af henni, þar sem baðstaður er áætlaður, er í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar skilgreint sem óbyggt svæði (grænt) en landið þar upp af fjörunni er landbúnaðarland (ljósgrænt). Áætlað er að breyta aðalskipulaginu þannig að svæðið verði skilgreint verslunar- og þjónustusvæði með heimild fyrir baðstað og veitingarekstur. Við það mun stefna um óbyggt svæði og landbúnaðarsvæði falla niður.



MYND 4. Hluti af Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020. Áætlað er að breyta landnotkun á hluta af svæðinu innan rauða hringsins sem áætlaður er fyrir baðstað í verslun og þjónustu. Afmörkun þess svæðis liggur ekki fyrir. Óbyggt svæði (grænt), landbúnaðarland (ljósgrænt), I er merking fyrir flugvöll, III er merking fyrir bryggju og IV er merking fyrir sendi. Hvít yfirstrikun merkir hverfisverndarsvæði.

Við mótnun deiliskipulags verður tekið mið af eftirfarandi skilmálum sem gilda um hverfisverndarsvæði H5 sem afmarkað er í aðalskipulagi og nær yfir áætlað svæði fyrir baðstað:

„Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og skal hún valda eins líttill röskun á útivist og umhverfi, þ.e. lífríki, landslagi, fjöllum, grunnsævi og leirum og kostur er. Umferð verði beint á ákveðnar leiðir til að hlífa náttúru og hámarka upplifun gesta og íbúa.“

Áhrif framkvæmda verða metin í sérstakri greiningu á áhrifum deiliskipulags, sem gera skal samfara deiliskipulagi. Við allan undirbúning framkvæmdanna er miðað við að þau rúmist innan ofangreindra ákvæða um hverfisvernd.

3.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisáhrif geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg/engin eða óviss.

Umhverfismati er ætlað að tryggja að tekið sé tillit til umhverfisáhrifa við mótun skipulagsáætlananna. Við mat á áhrifum á umhverfið verða áhrif á umhverfið metin í samræmi við eftirfarandi drög að umhverfisþáttum og matsspurningum. Viðmið verða sótt í aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, stefnu stjórnvalda, lög og reglugerðir sem við eiga.

TAFLA 1. Umhverfisþættir og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á víðerni? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i> <i>Búsvæði fugla.</i>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði fugla?
Samfélag <i>Þjónusta við ferðamenn.</i> <i>Atvinnulíf.</i> <i>Útivistarmöguleikar.</i>	Stuðlar stefnan að betri aðstöðu og þjónustu fyrir ferðamenn? Hefur stefnan áhrif á útivistarmöguleika? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?
Náttúru- og menningarminjar <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá.</i> <i>Hverfisvernd.</i> <i>Fornminjar.</i>	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun tillagnanna.

Skipulagslýsingin verður send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum eftir umfjöllun Ísafjarðarbæjar. Umsagnaraðilum og almenningi er gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við gerð skipulagsins. Skipulagslýsing verður kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, auglýst í víðlesnu blaði og verður aðgengileg á vef Ísafjarðarbæjar.

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum um lýsinguna frá eftirtöldum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Vegagerðin
- Veðurstofan
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Orkubú Vestfjarða
- Landsnet
- Náttúrustofa Vestfjarða
- Isavia
- Vestfjarðarstofa
- Hverfisráð Önundarfjarðar
- Bolungarvíkurkaupstaður
- Súðavíkurhreppur
- Vesturbyggð

Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillögur verða auglýstar og kynntar skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu ásamt tímasetningum, birt með fyrirvara um breytingar:

